

## Fundargerð

### 193. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 17. desember 2013 kl. 12<sup>15</sup> – 14<sup>20</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Smurolíusamningur
- (3) Spilliefni frá heimilum, útboð
- (4) Erindi vegna gjaldskrábreytinga hjá Kólku
- (5) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (191. fundar og 192. fundar).

### 2. Smurolíusamningur

Lögð voru fram á fundinum drög að nýjum smurolíusamningi og samningi um söfnun og úrvinnslu svartolíuúrgangs. ÓK fór yfir samningsdrögin á fundinum.

Málinu frestað til næsta fundar.

### 3. Spilliefni frá heimilum, útboð

Á stjórnarfundum í haust var farið yfir fyrirhugaðar breytingar á flokkun spilliefna frá heimilum sem skilað er á söfnunarstöðvar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þá var farið yfir fyrirhugað útboð Sorpu á móttöku og ráðstöfun þessara efna.

Lögð var fram á fundinum útboðslýsing Sorpu. Í útboðslýsingunni er gert ráð fyrir greiðslu Úrvinnslusjóðs fyrir þennan blandaða flokk spilliefna. Kynnt var á fundinum tillaga um upphæð ráðstöfunargreiðslu Úrvinnslusjóðs vegna BSH (blandaður spilliefnaúrgangur frá heimilum). Greiðslan mun í aðalatriðum standa undir flutning á þessum efnum til Kólku og kostnaði við brennslu þeirra.

*Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að ákvarða gjald fyrir BSH, á bilinu frá 95 kr/kg til 110 kr/kg.*

Stjórn ræddi erindi sem barst frá Efnamóttökunni til ÓK í gegnum rafpóst. Í erindinu er rætt um hugsanlega endurvinnslu á málningarúrgangi sem og starfssemi Kólku. Stjórn lýsir því yfir að

komi fram nýir endurvinnslumöguleikar vegna meðhöndlunar á málningu mun það verða skoðað af stjórn.

#### **4. Erindi vegna gjaldskrábreytinga hjá Kólku**

Lagt var fram á fundinum erindi frá Efnamóttökunni vegna fyrirhugaðra gjaldskrábreytinga hjá Kólku 1.1.2014. Hækkunin er á bilinu 10-15%. Í erindinu er spurt er hvort Úrvinnslusjóður muni aðlaga ráðstöfunargreiðslur að hækkuninni.

ÓK fór yfir það að nauðsynlegt er að endurskoða ráðstöfunargreiðslur vegna spilliefna út af breytingum á flokkun spilliefna frá heimilum sem berast á söfnunarstöðvar sveitarfélaga, sbr. lið 3 að ofan.

Fyrirtæki eiga samkvæmt skilmálum Úrvinnslusjóðs um meðhöndlun spilliefna að skila spilliefnum flokkuðum. Ef þau skila þeim óflokkuðum þurfa fyrirtækin að greiða fyrir flokkun þeirra. Ef ekki er gerð krafa um flokkun spilliefna frá heimilum sem berast á söfnunarstöðvar sveitarfélaga. Það að einfalda meðhöndlun þjónustuaðila á þessum efnum ætti að leiða til minni kostnaðar Úrvinnslusjóðs. Málinu frestað

#### **6. Önnur mál**

Lögð voru fram á fundinum erindi sem flutt voru á ársfundi Úrvinnslusjóðs þann 5. desember sl.

Næsti fundur ákveðinn 7.janúar 2014.

Fundi slitið kl 14:20

